

Fundur í Atvinnu-, menningar og ferðamálanefnd Langanesbyggðar haldinn á skrifstofu Langanesbyggðar mánudaginn 28. apríl og hófst kl 16:30

Mætt eru: Karen, Hrafngerður, Gréta Bergrún og Ólafur

Dagskrá:

1. Erindi frá sveitarstjórn Langanesbyggðar varðandi skipulag innanlandsflugs.

Sveitarstjórn Langanesbyggðar óskar eftir umsögn nefndarinnar um skýrslu um félagshagfræðilegrar greiningar á framtíð áætlunarflugs innanlands

Ýmislegt rætt bæði er varðar flugsamgöngur og flutning á landi.

- Flug frá Þh-Rvk á föstudögum og mánudögum, akureyri á þriðjud/miðvikud/fimmtud.
- Aukið samstarf heimaaðila við flugfélagið um pakkaferðir, ferðamannapakka, starfsmannaferðir
- Vöruflutningar. Hversu mikið af vörum koma frá Akureyri. Erum við bundin við daglega flutninga og er hægt að nýta póstin meira til daglegra vöruflutninga
- Er hagkvæmt að sleppa úr einum degi í flugi, skilar það einhverju, t.d. miðvikudegi.

Ályktun nefndarinnar:

Nefndin telur flugið vera grunnþjónustu sem er mikilvæg fyrir samfélagið. Nefndin telur að aukna nýtingu megi fá fram með samstarfi við ferðaþjónustuaðila þar sem hægt er að bjóða tilboðspakka. Einnig mætti skoða samstarf og niðurgreiðslu hjá Verkalýðsfélagi Þórshafnar á flugi á milli Þórshafnar og Akureyrar. Miðað við þann fjölda farþega sem nú þegar nýtir flugið til að fara alla leið til Reykjavíkur þá væri mikil þjónustuaukning að fljúga beint flug til Reykjavíkur tvisvar í viku, t.d. á föstudögum og mánudögum, það myndi eflaust auka farþegafjölda umtalsvert. Þá má einnig skoða samstarf flugfélagsins við bílaleigur á svæðinu. Sameiginleg markaðssetning á flugi, bílaleigubíl, gistingu og afþreyingu væri eitthvað sem mætti skoða ítarlega. Við teljum að fækkun flugdaga sé ekki boðleg og hætt við að nýtingin detti alveg niður þegar ekki er hægt að treysta á flug alla virka daga. Það þarf að finna leið til að auka nýtingu á fluginu og gera almenningi kleift að sækja þjónustuna. Ef það væri t.d. flogið til Reykjavíkur seinnipart föstudag, þannig að ekki þurfi að sleppa heilum vinnudegi, eru auknar líkur á að það verði notað meira. Almenningsamgöngur landleiðina eru almennt lítið notaðar frá Þórshöfn og teljum við frekar vera þjónustubót að halda úti góðum flugsamgöngum og auka þjónstuna þar.

Ekki fleira rætt

Fundi slitið kl 17:20